

### Fastir liðir

#### Messur og bænastundir vikunnar

Þriðjudagar kl. 10.30: Fyrirbænamessa/guðspjónusta í kórkjallara.

Miðvikudagar kl. 08.00: Árdegismessa.

#### Æskulýðsstarf Hallgrímskirkju

Hefst að nýju í september.

#### Starf fullorðinna í Hallgrímskirkju

Opið hús fyrir foreldra ungra barna miðvikudaga kl. 10-12.

#### Æfingar kóra Hallgrímskirkju

Æfingar kóra hefjast að nýju í september.

#### Á döfinni

Í dag: Messa í h-moll eftir J.S. Bach kl. 17.

Sunnudagur 18. maí: Messa og sögustund kl. 11.

Alþjóðlegt Orgelsumar hefst laugardaginn 24. júní með hádegistónleikum kl. 12 og er til 20. ágúst. Fylgist vel með á [hallgrimskirkja.is](http://hallgrimskirkja.is) og [listvinafelag.is](http://listvinafelag.is).

Heimasíða Hallgrímskirkju er [hallgrimskirkja.is](http://hallgrimskirkja.is)

Smellið „like“ á Facebook

Og munið [#hallgrimskirkja](https://www.facebook.com/hallgrimskirkja)

## HALLGRÍMSKIRKJA

### Prenningarhátíð. Sjómannadagurinn.

#### Messa og sögustund 11. júní 2017, kl. 11.00.

Sr. Þorvaldur Karl Helgason þjónar fyrir altari ásamt

sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttur sem prédikar. Messuþjónar aðstoða. Félagar úr karmmerkórnum Schola cantorum syngja. Organisti er Björn Steinar Sólbergsson. Umsjón með barnastarfinu hefur Inga Harðardóttir.

Ritningarlestrar: 1Mós 18.1-5, Tít 3.4-7. Guðspjall: Matt 11.25-27.

#### Messuliðina er að finna á bls. 13 í sálmabókinni.

*Foreign visitors are welcome to church and to participate in the liturgy. The hymn-numbers can be seen below. The Eucharist in Hallgrímskirkja is an open one. You are welcome to the Lord's table.*

#### Samskot dagsins renna til Hjálparstarfs kirkjunnar.

*Forspil: Großer Gott wir loben dich, Flor Peeters*

29 Mikil Drottinn dýrð sé þér

Kórsöngur milli lestra:

Non nobis Domine, *William Byrd/Sálmur 113:9*

178 Nú ljómar dýrðardagur

597 Sjá bát á bárum hrakti

---

904 Ég á vin

47 Gegnum Jesú

Undir útteilingu:

Alta Trinita beata *Madrigal frá 15. öld/latneskur texti fyrir þrenningarhátíð*

4 Dýrð í hæstum hæðum

*Eftirspil: Fúga í Es-dúr BWV 552/I Johann Sebastian Bach.*

**Takið virkan þátt í messunni**

***Kaffisopi eftir messu***

**Lexía: 1Mós 18.1-5**

Abraham sat í tjaldryum sínum í miðdegishitanum í Mamrelundi er Drottinn birtist honum. Honum varð litið upp og stóðu þá þrír menn frammi fyrir honum. Er hann sá þá hljóp hann til móts við þá úr tjaldryrunum, laut til jarðar og mælti: „Herra minn, hafi ég fundið náð fyrir augum þínum þá gakk ekki fram hjá þjóni þínum. Mættum við sækja svolítið vatn að þið getið þvegið fætur ykkar og hvílst undir trénu? Ég ætla að ná í matarbita svo að þið getið styrkt ykkur áður en þið haldið lengra úr því að þið fóruð um hjá þjóni ykkar.“ Þeir svöruðu: „Gott og vel, gerðu eins og þú hefur sagt.“

**Pistill: Tít 3.4-7**

En er gæska Guðs, frelsara vors, birtist og elska hans til mannanna, þá frelsaði hann okkur, ekki vegna réttlætisverkanna, sem við höfðum unnið, heldur frelsaði hann okkur af miskunn sinni. Það gerði hann í þeirri laug endurfæðingar og endurnýjunar heilags anda sem hann lét ríkulega yfir okkur streyma sakir Jesú Krists, frelsara vors. Þannig erum við réttlætt fyrir náð hans og urðum í voninni erfingjar eilífs lífs.

**Guðspjall: Matt 11.25-27**

Á þeim tíma tók Jesús svo til orða: „Ég vegsama þig, faðir, Drottinn himins og jarðar, að þú hefur hulið þetta spekingum og hyggindamönnum en opinberað það smælingjum. Já, faðir, svo var þér þóknanlegt. Allt hefur faðir minn falið mér og enginn þekkir soninn nema faðirinn, né þekkir nokkur föðurinn nema sonurinn og sá er sonurinn vill opinbera hann.

**Genesis 18: 1-5**

The LORD appeared to Abraham near the great trees of Mamre while he was sitting at the entrance to his tent in the heat of the day.<sup>2</sup> Abraham looked up and saw three men standing nearby. When he saw them, he hurried from the entrance of his tent to meet them and bowed low to the ground.<sup>3</sup> He said, “If I have found favor in your eyes, my lord,<sup>[a]</sup> do not pass your servant by. <sup>4</sup>Let a little water be brought, and then you may all wash your feet and rest under this tree. <sup>5</sup>Let me get you something to eat, so you can be refreshed and then go on your way—now that you have come to your servant.” “Very well,” they answered, “do as you say.”

**Titus 3: 4-7**

<sup>4</sup>But when the kindness and love of God our Savior appeared, <sup>5</sup>he saved us, not because of righteous things we had done, but because of his mercy. He saved us through the washing of rebirth and renewal by the Holy Spirit, <sup>6</sup>whom he poured out on us generously through Jesus Christ our Savior, <sup>7</sup>so that, having been justified by his grace, we might become heirs having the hope of eternal life.

**Matthew 11: 25-27**

<sup>25</sup>At that time Jesus said, “I praise you, Father, Lord of heaven and earth, because you have hidden these things from the wise and learned, and revealed them to little children. <sup>26</sup>Yes, Father, for this is what you were pleased to do. <sup>27</sup>“All things have been committed to me by my Father. No one knows the Son except the Father, and no one knows the Father except the Son and those to whom the Son chooses to reveal him.